

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/14/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 329/09/COL frá 15. júlí 2009 um norskar reglur um styrki til húsahtunar með óhefðbundnum, endurnýjanlegum orkugjöfum og til raforkusparnaðar á heimilum (Noregur) . . . . .	1
2011/EES/14/02		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) (GBER 9/2010/R&D ENV) . . . . .	13
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/14/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5928 – Sea Invest/EDF/OTCM) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	15
2011/EES/14/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6066 – Kia Motors Europe/Kia Motor SPA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	16
2011/EES/14/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6068 – ENI/AcegasAps/JV) . . . . .	17
2011/EES/14/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6173 – Ageas/Sabanci Holding/Aksigorta) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	18
2011/EES/14/07		Orðsending efnahags-, landbúnaðar- og nýsköpunarráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	19

<b>2011/EES/14/08</b>	Orðsending stjórnvalda á Írlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	20
<b>2011/EES/14/09</b>	Auglýst eftir tillögum – EACEA/09/11 – Áætlunin „Virk æska“ Aðgerð 3.2 – Æska heimsins: Samstarf við önnur ríki en nágrannaríki Evrópusambandsins . . . . .	21
<b>2011/EES/14/10</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum . . . . .	22

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/14/01

329/09/COL

frá 15. júlí 2009

um norskar reglur um styrki til húsahtunar með óhefðbundnum, endurnýjanlegum orkugjöfum og til raforkusparnaðar á heimilum

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN (<sup>1</sup>),

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (<sup>2</sup>), einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (<sup>3</sup>), einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 5. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (<sup>4</sup>),

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins (<sup>5</sup>),

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 (<sup>6</sup>),

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila í samræmi við ofangreind ákvæði (<sup>7</sup>) og farið yfir athugasemdir sem bárust

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. MÁLSATVIK

#### 1 Málsmeðferð

Bréf, sem dagsett var 13. október 2006 (skjal nr. 393383) og barst frá Varmeproducentenes Forening (samtökum hitaveitna í Noregi) (<sup>8</sup>), hafði að geyma kvörtun þess efnis að norskar reglur um styrki til húsahtunar með óhefðbundnum, endurnýjanlegum orkugjöfum og til raforkusparnaðar á heimilum hefðu í för með sér ríkisaðstoð (<sup>9</sup>). Kvartandi er sjálfstæð félagsamtök

(<sup>1</sup>) [Á ekki við í íslenska textanum.]

(<sup>2</sup>) „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

(<sup>3</sup>) „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

(<sup>4</sup>) „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

(<sup>5</sup>) Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú Stjórnartíðindi Evrópusambandsins; Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldswork/fieldstateaid/guidelines>.

(<sup>6</sup>) Ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004, sem birt var í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26, 25.5.2006, bls. 1, með áorðnum breytingum. Uppfærður texti ákvörðunarinnar er birtur [á ensku] á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldswork/fieldstateaid/legaltext>.

(<sup>7</sup>) Sjá Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 14, og EES-viðbæti nr. 20, 17.4.2008, bls. 58.

(<sup>8</sup>) Samtökin nefnast „kvartandi“ í því sem hér fer á eftir.

(<sup>9</sup>) Reglurnar nefnast „styrkir til óhefðbundinnar húsahtunar“ í því sem hér fer á eftir.

sem standa vörð um hagsmuni framleiðenda viðarofna. Kvartandi kom frekari upplýsingum á framfæri í bréfi dagsettu 19. október 2006 (skjal nr. 395451).

Eftirlitsstofnun EFTA ákvað 19. desember 2007, í kjölfar ýmissa bréfaskipta <sup>(10)</sup>, að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3. Ákvörðun stofnunarinnar 716/07/COL um að hefja rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau <sup>(11)</sup>. Stofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila þaraðlútandi.

Stjórnvöld í Noregi lögðu fram athugasemdir 4. febrúar 2008 (skjal nr. 463573).

Eftirlitsstofnun EFTA bárust einnig athugasemdir frá hagsmunaaðilum og voru þær framsendar stjórnvöldum í Noregi 21. maí 2008, 26. maí 2008 og 14. janúar 2009 (í sömu röð: skjöl nr. 477954, 477902 og 503830). Umsagnir stjórnvalda í Noregi um þær athugasemdir koma fram í bréfum sem dagsett voru 25. júní 2008, 4. júlí 2008 og 6. mars 2009 (í sömu röð: skjöl nr. 483303, 484722 og 511580).

Kvartandi kom enn frekari upplýsingum á framfæri í bréfi dagsettu 2. apríl 2009 (skjal nr. 514264), og var það framsent stjórnvöldum í Noregi 8. apríl 2009 (skjal nr. 514886). Stjórnvöld í Noregi lögðu fram frekari athugasemdir í bréfi dagsettu 7. maí 2009 (skjal nr. 517749).

Hinn 21. apríl 2009 héldu fulltrúar Eftirlitsstofnunar EFTA fund með fulltrúum Norsk Bioenergiforening (Liforkusamtaka Noregs) <sup>(12)</sup>, en það eru sjálfstæð félagasamtök sem hafa það að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu liforku í Noregi. NoBio hafði sent athugasemdir við ákvörðun stofnunarinnar hinn 21. maí 2008 (skjal nr. 477954).

## 2 Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

### 2.1 Styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar

Reglur um styrki til óhefðbundinnar húsahitunar voru settar árið 2006 <sup>(13)</sup>. Að sögn stjórnvalda í Noregi er markmiðið með reglunum að hvetja neytendur til kaupa á umhverfishæfum húsahitunarbúnaði af tilteknu tagi sem er lítið notaður í Noregi og getur stuðlað að minni raforkunotkun á heimilum <sup>(14)</sup>. Stjórnvöld hafa greint frá því að styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar séu aðeins veittir vegna búnaðar sem talist getur hentugt að nota í stað raforku sem aðalorkugjafa við húsahitun. Undir þetta falla sagkögglaofnar og sagköggglakatlar, varmadælur sem tengjast vatnshitakerfum og stýrikerfi til þess að draga úr raforkunotkun. Frá því í ágúst 2008 <sup>(15)</sup> hefur einnig verið unnt að fá styrki til kaupa á sólarorkusöfnurum sem tengjast vatnshitakerfum.

Styrki geta aðeins fengið þau heimili sem festa kaup á búnaði af þessu tagi í kjölfar styrkumsóknar. Styrkirnir eru greiddir eftir á, þ.e. eftir að styrkþegi hefur lagt fram gögn til staðfestingar á kaupunum. Heimili geta sótt um styrki sem nema allt að 20% af skjalfestum og styrkhæfum kostnaði. Hæstu styrkir til kaupa á sagkögglaofnum og rafeindastýrikerfum nema 4 000 norskum krónum (NOK). Þegar um ræðir varmadælur, sagköggglakatla og sólarorkusafnara er hámarkið 10 000 NOK.

Framkvæmd styrkjareglanna er í höndum Enova SF, opinbers fyrirtækis („statsforetak“) sem er að fullu í eigu olíu- og orkumálaráðuneytisins.

<sup>(10)</sup> Um nánari upplýsingar um bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda í Noregi vísast til ákvörðunar stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, þ.e. ákvörðunar 716/07/COL.

<sup>(11)</sup> Sjá Stjtið. ESB C 96, 17.4.2008, bls. 14, og EES-viðbæti nr. 20, 17.4.2008, bls. 58.

<sup>(12)</sup> „NoBio“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(13)</sup> Nánari upplýsingar um reglurnar er að finna á vefsíðum Enova SF: <http://www.minenergi.no> og <http://www.minenergi.no/sitepageview.aspx?sitePageID=1062>.

<sup>(14)</sup> Stjórnarfrumvarp nr. 82 (2005–2006), fréttatilkynning olíu- og orkumálaráðuneytisins frá 25. ágúst 2006, nr. 98/06, og frá 14. september 2006, nr. 107/06.

<sup>(15)</sup> Sjá stjórnarfrumvarp nr. 1 (2008–2009), bls. 56.

## 2.2 *Landslöggjöf sem liggur til grundvallar aðstoðarráðstöfuninni*

Ríkisfjárlögin mynda lagagrundvöll styrkjareglanna. Norska ríkisstjórnin lagði reglurnar fyrir þingið með stjórnarfrumvarpi nr. 82 (2005–2006) og voru þær afgreiddar sem lög í september árið 2006. Fjárveiting vegna reglnanna hefur tekið breytingum með samþykkt stjórnarfrumvarpa nr. 22 (2006–2007), nr. 59 (2007–2008) og nr. 1 (2008–2009).

## 2.3 *Fjárveiting og gildistími*

Styrkjareglurnar voru teknar upp árið 2006 með samþykkt stjórnarfrumvarps nr. 82 (2005–2006). Frumvarpið var samþykkt á þingi 15. september 2006 og nam fjárveiting samkvæmt því 46 milljónum NOK. Í samræmi við stjórnarfrumvarp nr. 22 (2006–2007) var fjárveiting vegna reglnanna síðan aukin um 25 milljónir NOK og nam þá alls 71 milljón NOK samkvæmt síðustu fjárukalögum ársins 2006.

Enova fékk ekki viðbótarfjárveitingu vegna reglnanna fyrir árið 2007, en greiddir styrkir fyrir árið 2006 námu aðeins 2 milljónum NOK og ákvað þingið því að flytja þær 69 milljónir NOK, sem eftir stóðu, yfir á fjárveitingu ársins 2007.

Árið 2007 námu greiddir styrkir 40 milljónum NOK. Þær 29 milljónir NOK, sem eftir stóðu af fjárveitingu ársins 2007, voru fluttar yfir á fjárveitingu fyrir árið 2008. Við þetta bættist 31 milljónir NOK fjárveiting af fjárlögum <sup>(16)</sup>. Heildarfjárveiting vegna styrkjareglanna var því 60 milljónir NOK árið 2008.

Árið 2008 námu greiddir styrkir 30 milljónum NOK. Þær 30 milljónir NOK, sem eftir stóðu, voru fluttar yfir á fjárveitingu fyrir árið 2009. Að viðbætti nýrri fjárveitingu, sem nam 40 milljónum NOK <sup>(17)</sup>, nemur fjárveiting ársins 2009 alls 70 milljónum NOK.

Frá því að stofnað var til styrkjareglanna hefur fjárveiting af fjárlögum vegna þeirra numið alls 142 milljónum NOK og í árslok 2008 námu greiddir styrkir alls 72 milljónum NOK. Reglunum hefur ekki verið ákveðinn neinn gildistími <sup>(18)</sup>.

## 2.4 *Ástæður þess að stofnað var til formlegrar rannsóknar*

Eftirlitsstofnun EFTA stofnaði til formlegrar rannsóknar með vísan til þess að styrkir til óhefðbundinnar húsahtitunar gætu haft í för með sér ríkisaðstoð. Enda þótt styrkirnir renni beint til neytenda eru þeir veittir í þeim tilgangi að ýta undir notkun á tilteknum tegundum húsahtitunarbúnaðar. Stofnunin taldi því ástæðu til að athuga hvort styrkjunum fylgdi óbein ríkisaðstoð við framleiðendur, innflytjendur og/eða seljendur húsahtitunarbúnaðar sem fellur undir reglurnar.

Eftirlitsstofnun EFTA taldi vafa leika á að styrkirnir gætu talist samrýmanlegir framkvæmd EES-samningsins. Nánar tiltekið taldi stofnunin óvíst að ákvæði leiðbeinandi reglna um aðstoð á sviði umhverfisverndar gætu átt við í þessu tilviki, þar eð óbein aðstoð af þessu tagi stuðlaði ekki að minni orkunotkun í framleiðsluferli framleiðenda og/eða innflytjenda. Þá taldi stofnunin óvíst að styrkjareglurnar gætu talist samrýmanlegar EES-samningnum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.

## 3 *Athugasemdir stjórnvalda í Noregi*

Meðal röksemda stjórnvalda í Noregi er að heimili séu einu viðtakendur styrkja til óhefðbundinnar húsahtitunar og sökum þess að þau teljist ekki fyrirtæki í skilningi samkeppnisreglna EES-samningsins geti ráðstöfunin ekki talist hafa í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. samningsins.

<sup>(16)</sup> Stjórnarfrumvarp nr. 59 (2007–2008), bls. 123.

<sup>(17)</sup> Stjórnarfrumvarp nr. 1 (2008–2009), bls. 56.

<sup>(18)</sup> Í stjórnarfrumvarpi nr. 59 (2007–2008) kemur fram að stjórnvöld í Noregi hyggist endurskoða reglurnar með hlíðsjón af endanlegri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA.

Þá telja stjórnvöld í Noregi að styrkirnir séu ekki sértækir þar eð hagræði styrkþega af þeim sé réttlætanlegt með vísan til eðlis eða almennrar tilhögunar kerfisins sem slíkt hagræði leiðir af og geti því ekki talist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stjórnvöld í Noregi líta ennfremur svo á að styrkimir raski hvorki né séu til þess fallnir að raska samkeppni, þar eð viðarofnar geti ekki talist staðgönguvörur búnaðar sem er styrkhæfur samkvæmt styrkjareglunum, og þessar tvær tegundir búnaðar tilheyri því ekki sama viðkomandi vörumarkaði. Stjórnvöld í Noregi telja að viðkomandi markaður sé „þær tegundir tæknibúnaðar sem nota má í stað rafhitunar og skila hitaþægindum til jafns við rafhitun jafnt að nóttu sem degi, eða með tæknilegra orðalagi grunnálagshitunarkerfi“<sup>(19)</sup>. Ólíkt þessu ber, að sögn stjórnvaldanna, að flokka viðarofna sem aukahitunarbúnað sem komi til viðbótar við grunnálagshitunarkerfið. Viðarofnar teljast samkvæmt þessu „toppálagshitunarkerfi“.

Loks taka stjórnvöld í Noregi fram að verði niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA á þá leið að styrkjareglunum fylgi ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins megi réttlæta þær með vísan til bæði stafl. a) í 2. mgr. og stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með hliðsjón annars vegar af félagslegum markmiðum og hins vegar umhverfismarkmiðum reglnanna.

#### 4 Athugasemdir annarra aðila

Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist athugasemdir frá tveimur öðrum aðilum: Varmeproducentenes Forening (samtökum hitaveitna í Noregi), þ.e. kvartanda, og NoBio.

##### 4.1 Athugasemdir kvartanda

Kvartandi lítur svo á að styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar leiði til ólögþráttar ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Hann heldur því fram að stuðningur við heimili verði að teljast hafa í för með sér óbeint hagræði fyrir framleiðendur og/eða innflytjendur hitunarbúnaðar sem fellur undir styrkjareglurnar. Nánar tiltekið sýna upplýsingar, sem kvartandi hefur lagt fram, að sala á sagkögglaofnum hefur aukist eftir reglurnar voru teknar upp. Kvartandi telur að styrkirnir hafi leitt til meiri sölu og aukins hagnaðar hjá framleiðendum, innflytjendum og seljendum sagkögglaofna.

Þá telur kvartandi að ráðstöfunin raski eða sé til þess fallin að raska samkeppni vegna þess að viðarofnar, sem þó séu sambærilegir við sagkögglaofna, falli ekki undir styrkjareglurnar.

Loks lítur kvartandi svo á að hvorki ákvæði stafl. a) í 2. mgr. né stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins nægi til að réttlæta styrkveitingarnar í núverandi mynd.

##### 4.2 Athugasemdir NoBio

NoBio tekur undir túlkun stjórnvalda í Noregi og telja samtökin að í styrkjunum felist aðeins beinn fjárstuðningur við heimili, en ekki fyrirtæki, og að þeir hafi því ekki í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Þá líta samtökin svo á, að verði það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að styrkjareglurnar hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins megi réttlæta þær með vísan til bæði stafl. a) í 2. mgr. og stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með hliðsjón annars vegar af félagslegum markmiðum og hins vegar umhverfismarkmiðum reglnanna.

<sup>(19)</sup> Bréf norska olíu- og orkumálaráðuneytisins dagsett 15. janúar 2007 (skjal nr. 406849), bls. 5.

## II. MAT

### 1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*

Til þess að um ríkisaðstoð geti verið að ræða í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður eftirtöldum fjórum skilyrðum öllum að vera fullnægt: Ráðstöfunin verður i) að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum, ii) að hafa í för með sér sérstakt efnahagslegt hagræði fyrir viðtakendur, iii) að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni og iv) að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

#### 1.1 Er gengið á ríkisfjármuni?

Norska ríkið fjármagnar styrki til óhefðbundinnar húsahtunar með framlögum af fjárlögum. Ráðstafanirnar, sem hér eru til umfjöllunar, eru því á vegum ríkisins og fela í sér nýtingu ríkisfjármuna.

#### 1.2 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

Til þess að stuðningur ríkisins geti talist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verða fyrirtæki einnig að hafa af honum efnahagslegt hagræði sem er sérstakt eða sértækt í þeim skilningi að það ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.

##### 1.2.1 Hafa fyrirtæki efnahagslegt hagræði af ráðstöfuninni?

Fyrst þarf að leita svara við því hvort reglurnar, sem hér eru til umfjöllunar, hafi í för með sér efnahagslegt hagræði fyrir fyrirtæki <sup>(20)</sup>.

Beinir viðtakendur styrkja til óhefðbundinnar húsahtunar eru heimili, en þau geta almennt ekki talist fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þó að styrkur renni til einstaklings eða til neytenda merkir það þó ekki að sjálfkrafa sé útilokað að um aðstoð sé að ræða <sup>(21)</sup>. Enda þótt styrkir samkvæmt tiltekinni ráðstöfun renni ekki fyrst, eða beint, til fyrirtækja getur engu að síður verið að fyrirtæki hafi óbeint hagræði af þeim. Orðalag 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, þ.e. orðin „hvers kyns aðstoð“, felur í sér að ákvæði málsgreinarinnar taka til óbeinna styrkja, eins og lesa má út úr ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB <sup>(22)</sup> og viðtekinni dómaframkvæmd <sup>(23)</sup> Evrópudómstólsins <sup>(24)</sup>. Mat á því hvort fyrirtæki hafi fengið óbeina aðstoð verður því að fara fram með tilliti til hvers máls sérstaklega.

Styrkir til óhefðbundinnar húsahtunar hafa þann tilgang að örva sölu á vissum tegundum húsahtunarbúnaðar <sup>(25)</sup>. Þess vegna verður að meta í þessu tilviki hvort fyrirtæki í þeim tæknigreinum, sem reglurnar taka til, njóta óbeins efnahagslegs hagræðis sem fallið getur undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

<sup>(20)</sup> Að því er varðar samkeppnisreglur EB-réttar teljast til fyrirtækja öll félög og stofnanir sem stunda atvinnustarfsemi, hver sem lögformleg staða þeirra er, sjá til að mynda dóm í máli C-41/90 *Höfnar og Elser*, [1991] ECR I-1979, 21. mgr.

<sup>(21)</sup> Mál C-156/98 *Þýska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2000] ECR I-6857.

<sup>(22)</sup> „Framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(23)</sup> Mál C-156/98 *Þýska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2000] ECR I-6857, mál C-382/99 *Hollenska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2000] ECR I-5163, mál C-457/00 *Belgíska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2003] ECR I-6931, 57. mgr.; sjá einnig álit AG Jacobs í máli C-457/00, 59. mgr.

<sup>(24)</sup> *[Á ekki við í íslenska textanum.]*

<sup>(25)</sup> Stjórnarfrumvarp nr. 82 (2005–2006), bls. 1.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er ekki gerður greinarmunur á ríkisafskiptum eftir því af hvaða ástæðum þau eru tilkomin eða hver tilgangur þeirra er, heldur eru þau eingöngu skilgreind með vísan til áhrifanna sem þau hafa <sup>(26)</sup>. Hér þarf því að leita svara við því hvort styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar leiði til óbeins efnahagslegs hagræðis fyrir fyrirtæki sem starfa í þeim greinum húsahitunartækni sem falla undir reglurnar.

Eftirlitsstofnun EFTA tekur ekki undir þá túlkun stjórnvalda í Noregi að ákvörðun á því hvort um óbeina aðstoð sé að ræða fari eftir því hvort endanlegt og ráðandi markmið er að veita fyrirtækjum aðstoð, þannig að aðeins aðstoðarkerfi, sem komið er á fót til þess að fara á svig við bannið við ríkisaðstoð, geti talist hafa óbeina ríkisaðstoð í för með sér.

Í málinu, sem hér er til athugunar, gera styrkveitingar til heimila vegna kaupa á tilteknum tegundum húsahitunarbúnaðar, sem nýtir óhefðbundna, endurnýjanlega orkugjafa, það að verkum að heimilin búa við fjárhagslegan hvata til að kaupa slíkar vörur. Ráðstöfunin felur í sér hvata fyrir neytendur til að skipta úr hefðbundinni rafhitun yfir í óhefðbundin hitunarkerfi <sup>(27)</sup>. Meiri eftirspurn neytenda getur aukið hagnað af sölu tæknibúnaðar af þessu tagi og þannig leitt af sér hagræði fyrir fyrirtæki í tæknigreinum sem styrkjareglurnar taka til, þegar borið er saman við önnur fyrirtæki <sup>(28)</sup>.

Þó að neytendur geti valið milli ólíkra tæknilausna sem falla undir ákvæði reglnanna þýðir það ekki að engin tengsl séu lengur milli beinna styrkveitinga ríkisins til neytenda og hagræðisins sem viðkomandi fyrirtæki njóta <sup>(29)</sup>.

Enda þótt hagræðið sé í eðli sínu óbeint hefur styrkjum til óhefðbundinnar húsahitunar verið hagað þannig að bein tengsl eru milli styrkveitinga til neytenda og kaupa á viðkomandi tæknibúnaði. Til þess að styrkur fái greiddur verður að senda Enova SF gögn til staðfestingar á kaupum á einhverjum þeim tæknibúnaði sem fellur undir reglur um styrki til óhefðbundinnar húsahitunar.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar leiði til óbeins hagræðis fyrir fyrirtæki sem selja hitunarkerfi sem miðast við notkun óhefðbundinna, endurnýjanlegra orkugjafa.

### 1.2.2 Skilyrðið um að ráðstöfun sé sértæk

Þessu næst þarf að leita svara við því hvort ráðstöfunin sé sértæk, þ.e. hvort hún ívilni „*ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara*“.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar séu sértækir sökum þess að þeir leiða aðeins til (óbeins) hagræðis fyrir þau fyrirtæki sem selja hitunarbúnað sem miðast við notkun óhefðbundinna endurnýjanlegra orkugjafa og telst styrkhæfur (en undir þetta falla sagkögglaofnar og sagkögglatklar, varmadælur og sólarorkusafnarar sem tengjast vatnshitakerfum svo og stýrikerfi til þess að draga úr raforkunotkun). Styrkirnir geta ekki leitt til hagræðis fyrir nein önnur fyrirtæki, svo sem þau sem starfa á öðrum sviðum hitunartækni með endurnýjanlegum orkugjöfum <sup>(30)</sup>.

Stjórnvöld í Noregi líta svo á að réttlæta megi hagræði, sem leiðir af styrkjum til óhefðbundinnar húsahitunar, með vísan til eðlis eða almennrar tilhöggunar kerfisins sem slíkt hagræði leiðir af. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki þessarar skoðunar.

Evrópudómstóllinn og EFTA-dómstóllinn hafa jafnan tekið þá afstöðu að ráðstafanir, sem leiða til hagræðis fyrir tiltekna viðtakendur aðstoðar, séu ekki sértækar ef unnt er að réttlæta þær með

<sup>(26)</sup> Mál C-382/99 *Hollenska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, 61. mgr., mál C-487/06 P, *British Aggregates Association gegn framkvæmdastjórn*, dómur frá 22. desember 2008, 87. mgr.

<sup>(27)</sup> Svipuð röksemdafærsla er notuð í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2006) 6630 frá 24. janúar 2007 í máli nr. 270/2006, 40. mgr.

<sup>(28)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2006) 1519 frá 26. apríl 2006 í máli N 142/2005, lið 3.1.

<sup>(29)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2006) 6630 frá 24. janúar 2007 í máli N 270/2006, 43. mgr.

<sup>(30)</sup> *Sama*, 46.–47. mgr.

vísan til eðlis og almennrar tilhögunar kerfisins sem slíkar ráðstafanir falla undir <sup>(31)</sup>. Til þess að unnt sé að réttlæta sértæka ráðstöfun með vísan til hugsunarinnar að baki tilteknu kerfi verður hún að falla undir eitthvert slíkt almennt kerfi. Þá hefur með dómafrankvæmd verið skýrt hvernig standa ber að mati á því hvort ráðstöfun sé réttlæt看leg með vísan til eðlis og röklegs samhengis viðkomandi almenns kerfis þegar um ræðir reglur sem í einhverjum skilningi fela í sér undanþágu frá sköttum, gjöldum eða öðrum svipuðum kerfum með víðari skírskotun. Stjórnvöld í Noregi hafa ekki tilfært nein rök sem bregða ljósi á það almenna kerfi sem aðstoðarráðstöfunin fellur undir. Styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar valda því að tiltekin fyrirtæki í þeim tæknigreinum, sem styrkjareglurnar taka til, njóta hagræðis með óbeinum hætti. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hlýtur Eftirlitsstofnun EFTA því að draga þá ályktun að ráðstöfunin sé sértæk í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

### 1.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Til þess að ráðstöfun teljist hafa í för með sér ríkisaðstoð verður hún að raska samkeppni og vera til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA þarf ekki að sýna fram á að tiltekin aðstoð hafi merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkja og að samkeppni hafi raskast í reynd, heldur er nægilegt að athuga hvort aðstoðin sé til þess fallin að hafa áhrif á slík viðskipti og valda samkeppnisröskun <sup>(32)</sup>. Hvers kyns aðstoð við fyrirtæki, sem stundar starfsemi á markaði EES-landanna, er til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti <sup>(33)</sup>.

Styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar hafa (óbeint) í för með sér hagræði fyrir fyrirtæki sem selja hitunarbúnað sem miðast við notkun óhefðbundinna, endurnýjanlegra orkugjafa. Styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar leiða óhjákvæmilega til aukinnar spurnar neytenda eftir tæknibúnaðinum sem styrkjareglurnar taka til.

Þá má nefna það sem dæmi að samkvæmt upplýsingum, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum, hefur sala á einni tegund slíks tæknibúnaðar, þ.e. sagkögglaofnum, aukist og náð meiri stöðugleika eftir að þessar reglur voru teknar upp í Noregi. Til samanburðar er þess að geta að sala á viðarofnum, en þar er um að ræða tæknibúnað sem fellur ekki undir reglurnar, hefur ekki aukist að sama skapi á þessu tímabili.

Þessi atriði gefa tilefni til að álykta að aðstoðin sé til þess fallin að raska samkeppni.

Að því er varðar skilyrðið um áhrif á viðskipti verður að líta svo á að þegar ríkisaðstoð styrkir fyrirtæki í sessi gagnvart keppinautum sem stunda viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu hafi aðstoðin áhrif á síðarnefndu fyrirtækin <sup>(34)</sup>.

Fyrirtæki, sem selja tæknibúnað til húsahitunar, tilheyra Evrópumarkaði og því hafa styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar áhrif á viðskipti milli aðila að samningnum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að draga þá niðurstöðu að aðstoðin sé til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

<sup>(31)</sup> Mál C-143/99 *Adria-Wien Pipeline GmbH og Wietersdorfer & Peggauer Zementwerke GmbH*, [2001] ECR I-8365, 42. mgr., og dómur EFTA-dómstólsins í sameinuðum málum E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjard o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, [2005] Skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 117, 77. mgr.

<sup>(32)</sup> Sjá dóm EFTA-dómstólsins í sameinuðum málum E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjard o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, [2005] Skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 117, 93. mgr., mál C-372/97 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2004] ECR I-3679, 44. mgr., og mál C-66/02 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2004] ECR I-10901, 112. mgr.

<sup>(33)</sup> Sameinuð mál T-92/00 og T-103/00 *Diputación Foral de Álava o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, [2002] ECR II-1385, 72. mgr.

<sup>(34)</sup> Mál E-6/98 *Norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* Rec. 1999, bls. 74, 58. mgr., og mál 730/79, *Philip Morris gegn framkvæmdastjórn*, [1980] ECR I-2671, 11. mgr. Sjá einnig mál C-75/97 *Belgíska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [1999] ECR I-3671, 47. mgr., og mál T-217/02, *Ter Lembeek gegn framkvæmdastjórn*, [2006] ECR II-4483, 181. mgr.

#### 1.4 Niðurstaða

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að norskir styrkir til óhefðbundinnar húsahtunar hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

#### 2 Málsmæðferðarreglur

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3: „*Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutadeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.*“

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA ekki setningu reglna um styrki til óhefðbundinnar húsahtunar áður en þær komust í framkvæmd. Stofnunin ályktar því að stjórnvöld í Noregi hafi ekki fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

#### 3 Samrýmist aðstoðin ákvæðum EES-samningsins?

Stjórnvöld í Noregi bera fyrir sig að unnt sé að réttlæta aðstoðina með vísan til ákvæða stafl. a) í 2. mgr. 61. gr., eða hugsanlega stafl. c) í 3. mgr. sömu greinar, sbr. leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð sem veitt er í umhverfisverndarskygni.

##### 3.1 Er aðstoðin samrýmanleg gildandi reglum með vísan til stafl. a) í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Samkvæmt stafl. a) í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins er aðstoð „*af félagslegum toga*“ samrýmanleg framkvæmd samningsins ef hún er „*veitt [...] einstökum neytendum enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara*“.

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að undanþágur frá banninu við ríkisaðstoð verður að túlka þröngt. Öll heimili í Noregi geta hlotið styrki til óhefðbundinnar húsahtunar. Það er álit stofnunarinnar að til þess að þessir styrkir geti talist samrýmanlegir gildandi reglum með vísan til stafl. a) í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins verði þeir að vera af félagslegum toga í þeim skilningi að þeir ívilni sérstaklega þjóðfélagshópi sem býr við lítil efni<sup>(35)</sup>. Þar eð öll heimili geta hlotið styrki á meðan fjárveiting endist geta styrkirmir ekki talist af félagslegum toga í skilningi stafl. a) í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

##### 3.2 Er aðstoðin samrýmanleg gildandi reglum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Samkvæmt ákvæðum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins getur aðstoð talist samrýmanleg framkvæmd samningsins ef hún „*greið[ir] fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum*“.

##### 3.2.1 Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til umhverfisverndar

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út leiðbeinandi reglur um viðmið sem stofnunin hyggst fara eftir við mat á því hvort ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar, sem gerðar eru í umhverfisverndarskygni, geti talist samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins. Reglur um styrki til óhefðbundinnar húsahtunar voru settar árið 2006. Á þeim tíma voru enn í gildi leiðbeinandi reglur stofnunarinnar um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun frá 23. maí 2001<sup>(36)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA tók upp nýjar leiðbeinandi reglur um aðstoð til umhverfisverndar 16. júlí 2008<sup>(37)</sup> og öðluðust þær

<sup>(35)</sup> Sjá til að mynda ákvæði leiðbeinandi reglna um beitingu 92. og 93. gr. EB-sáttmálans og 61. gr. EES-samningsins gagnvart ríkisaðstoð á sviði flugrekstrar, Stjtið. EB C 350, 10.12.1994, bls. 7, undirkafla III.3.

<sup>(36)</sup> „Reglurnar frá 2001“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(37)</sup> „Reglurnar frá 2008“ í því sem hér fer á eftir.

gildi samdægurs. Styrkjareglur, sem gilt hafa á báðum þessum tímaskiðum, verður þannig að meta með hliðsjón af bæði eldri og yngri leiðbeinandi reglunum, þ.e. í samræmi við sjónarmiðin sem kveðið er á um í 74. mgr. leiðbeinandi reglna frá 2001 og 205. mgr. leiðbeinandi reglna frá 2008.

Hins vegar taka hvorki reglurnar frá 2001 né reglurnar frá 2008 til aðstæðna þar sem óbein aðstoð leiðir til hagræðis fyrir suma framleiðendur, innflytjendur og/eða seljendur tæknibúnaðar til húsa hitunar á heimilum.

3.2.2 *Er aðstoðin samrýmanleg gildandi reglum með beinni vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?*

Þar eð ekki er unnt að beita reglunum frá 2001 og 2008 beint gagnvart hinum norsku styrkjum til óhefðbundinnar húsa hitunar fer mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort styrkimir eru samrýmanlegir gildandi reglum fram með beinni vísan til ákvæða stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins<sup>(38)</sup>. Undanþágur á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður að túlka þröngt<sup>(39)</sup> og koma slíkar undanþágur aðeins til greina þegar unnt er að slá því föstu að aðstoðin muni stuðla að markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna og myndi ekki nást ef aðeins væri treyst á venjulegar markaðsaðstæður. Evrópudómstóllinn féllst á það í *Philip Morris*-málinu að beita mætti svonefndri „jöfnunarreglu“<sup>(40)</sup>.

Mat á því hvort ríkisaðstoð er samrýmanleg gildandi reglum snýst í grundvallaratriðum um að vega óæskileg áhrif aðstoðarinnar á samkeppni á móti æskilegum áhrifum hennar með tilliti til sameiginlegra hagsmuna<sup>(41)</sup>. Til þess að lýsa megi ríkisaðstoðarkerfi samrýmanlegt gildandi reglum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður kerfið:

- að beinast að vel skilgreindu markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna,
- að vera vel til þess fallið að ná viðkomandi markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna, og vera þess eðlis að það sé viðeigandi stjórnþæki í því tilliti, hafi hvatningaráhrif og sé í samræmi við sjónarmið um meðalhóf,
- og má ekki raska samkeppni eða hafa svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum<sup>(42)</sup>.

Eftirlitsstofnun EFTA verður að meta hvort með ráðstöfuninni er unnið að markmiði sem telst nauðsynlegt, hvort það markmið samræmist markmiðum á sviði sameiginlegra hagsmuna og ef svo telst vera hvort um er að ræða þá leið að markmiðinu sem veldur minnstri röskun.

*Vel skilgreint markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna*

Reglurnar, sem gilda um styrki til óhefðbundinnar húsa hitunar, stuðla að markmiði á sviði umhverfisverndar með því að ýta undir kaup neytenda á umhverfishæfum tæknibúnaði sem er lítið notaður í Noregi. Stjórnvöld í Noregi nefna að með meiri útbreiðslu óhefðbundinnar húsa hitunartækni, sem styrkir eru veittir til samkvæmt reglunum, muni raforkunotkun á norskum heimilum fara minnkandi. Aðgerðir til að draga úr raforkunotkun til húsa hitunar á heimilum og meiri notkun hitunartækni, sem miðast við notkun óhefðbundinna, endurnýjanlegra orkugjafa, getur talist skynsamlegt markmið með tilliti til umhverfisverndar.

Í níundu málsgrein inngangsorða EES-samningsins er sett það sameiginlega markmið að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að styrkjakerfi, sem rekið er með það að markmiði að víkja orkunotkun meira í átt að endurnýjanlegum orkugjöfum, sé í samræmi við markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna.

<sup>(38)</sup> Sjá mál T-288/97 *Regione Autonoma Friuli Venezia Giulia gegn framkvæmdastjórn*, [2001] ECR II-1169, 72. mgr.

<sup>(39)</sup> Mál C-301/96 *Býska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, [2003] ECR I-9919, 66. og 105. mgr.

<sup>(40)</sup> Mál 730/79 *Philip Morris gegn framkvæmdastjórn*, [1980] ECR bls. 2671.

<sup>(41)</sup> Sjá aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð frá 7. júní 2005, COM(2005) 107, 11. mgr.

<sup>(42)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2006) 6630 frá 24. janúar 2007 í máli N 270/2006, 67. mgr.

*Reglurnar vel til þess fallnar að ná settu markmiði*

Það hvort tæknibúnaður fellur undir styrkjareglurnar ræðst af viðmiðum sem byggð eru á því hvort búnaðurinn hentar til notkunar í stað rafhitunar. Stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram þær skýringar að undir reglurnar falli aðeins tæknibúnaður sem unnt sé að flokka sem svonefnd „grunnálagshitunarkerfi“. Að sögn stjórnvalda í Noregi eru „grunnálagshitunarkerfi“ „þær tegundir tæknibúnaðar sem nota má í stað rafhitunar og skila hitaþægindum til jafns við rafhitun jafnt að nóttu sem degi“<sup>(43)</sup>.

Þá hafa stjórnvöld í Noregi skýrt frá því að þær tegundir tæknibúnaðar, sem miðast við notkun óhefðbundinna endurnýjanlegra orkugjafa og teljast styrkhæfar, eigi þrennt sameiginlegt: búnaðurinn verður að vera litið notaður í Noregi, geta komið í stað rafhitunar og krefjast lítillar vinnu af hálfu notanda. Eftirlitsstofnun EFTA telur ástæðu til að nefna að ekki er allur tæknibúnaður, sem telst styrkhæfur samkvæmt styrkjareglunum, þess eðlis að hentugt sé að nota hann að öllu leyti í stað rafhitunar<sup>(44)</sup>. Stjórnvöld í Noregi hafa aftur á móti rökstutt að tæknibúnaður, sem fellur undir styrkjareglurnar, sé betur til þess fallinn að draga með kerfisbundnum hætti úr raforkunotkun til húsa hitunar á venjulegum heimilum.

Styrkveitingar til neytenda í því skyni að beina eftirspurn frá raforkuhitun yfir til hitunarkerfa, sem miðast við notkun óhefðbundinna endurnýjanlegra orkugjafa á heimilum, virðast geta talist viðeigandi aðferð til að hafa bein áhrif á neytendahegðun. Ef ekki kæmi til stuðningur ríkisins samkvæmt reglum um styrki til óhefðbundinnar húsa hitunar væru minni líkur á að eftirspurn neytenda beindist að hitunartækni sem nýtir endurnýjanlega orku til sömu tímalengdar litið.

Þótt tiltekna umhverfishæfar ráðstafanir komast ekki til framkvæmda getur ríkisaðstoðin engu að síður talist samrýmanleg gildandi reglum að megin stefnu til<sup>(45)</sup>. Styrkir til óhefðbundinnar húsa hitunar hafa það markmið að búa neytendum hvata til að kaupa umhverfishæfan tæknibúnað sem hentar vel til að draga úr raforkunotkun og hefur litla útbreiðslu á markaði fyrir húsa hitunarbúnað heimila í Noregi.

Þá lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að aðstoðarfjárhæðin sé takmörkuð við það sem telst nauðsynlegt til þess að hvetja neytendur til að skipta úr raforkuhitun yfir í hitunartækni sem miðast við notkun óhefðbundinna endurnýjanlegra orkugjafa og telst styrkhæf. Styrkir til óhefðbundinnar húsa hitunar fela í sér endurgreiðslu á fjárhæð sem nemur allt að 20% af skjalfestum og styrkhæfum kostnaði upp að hámarki sem nemur annaðhvort 4 000 NOK eða 10 000 NOK eftir gerð tæknibúnaðarins. Hámark styrkja til kaupa á óhefðbundnum hitunarbúnaði er í réttu hlutfalli við kostnaðinn af viðkomandi tækni.

Af þessum ástæðum er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að styrkimir séu vel til þess fallnir að stuðla að því umhverfisverndarmarkmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna sem sett hefur verið.

*Samkeppni og viðskiptaskilyrðum í EES-rikjunum ekki raskað í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum*

Að lokum þarf að meta hvort hugsanleg röskun á samkeppni og viðskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu sé þess eðlis að hún vinni gegn sameiginlegum hagsmunum.

Styrkirnir renna beint til neytenda og þeir ráða því sjálfir hvaða vörur þeir kaupa ef hlutlægum viðmiðum styrkjareglanna er fullnægt, óháð því hvaða fyrirtæki selur viðkomandi óhefðbundinn hitunarbúnað. Með styrkjareglunum er þannig sneitt hjá því að raska óþarflega samkeppni og viðskiptaskilyrðum í EES-rikjunum í viðskiptum með þann tæknibúnað sem reglurnar taka til.

<sup>(43)</sup> Bréf norska oliu- og orkumálaráðuneytisins dagsett 15. janúar 2007 (skjal nr. 406849), bls. 5.

<sup>(44)</sup> Til að mynda kemur fram í leiðarvísi Enova SF fyrir kaupendur sólarorkusafnara sem tengjast vatnshitakerfum (en það er ein tegund tæknibúnaðar sem fellur undir reglurnar) að slík kerfi geti aðeins fullnægt um 50% af heildarhitunarþörf heimilis. Þegar nægileg sólarorka er fyrir hendi geta sólarorkusafnara starfað samfellt og án reglulegs eftirlits, og meðan þeir eru í gangi nýtast þeir neytanda sem hentug, óhefðbundin upphitunaraðferð, sem er þó ekki fullnægjandi ein og sér. Ofangreindur leiðarvísir fyrir kaupendur er birtur á vefsetri Enova SF: <http://www.minenergi.no/sitepageview.aspx?sitePageID=1083>.

<sup>(45)</sup> Bæði reglurnar frá 2001 og frá 2008 hafa að geyma ákvæði um aðstoð vegna notkunar endurnýjanlegra orkugjafa sem er veitt sem nokkurs konar uppbót fyrir það efnahagslega óhagræði sem fylgir því að nota endurnýjanlega orkugjafa í samanburði við síður umhverfishæfa orkugjafa sem þeir eiga í samkeppni við, sjá reglurnar frá 2001, 49.–59. mgr., og reglurnar frá 2008, 48.–50. mgr.

Kvartandi telur að reglurnar valdi samkeppnisröskun sökum þess að þær taka til sagkögglaofna en ekki viðarofna. Að sögn kvartanda eru viðarofnar tæknibúnaður sem svipar mjög til sagkögglaofna og væri því rétt að láta styrkjareglurnar taka til þeirra einnig. Þvert á þetta halda stjórnvöld í Noregi því fram að viðarofnar fullnægi ekki þeim hlutlægu viðmiðum sem farið sé eftir við framkvæmd reglna um styrki til óhefðbundinnar húsahitunar. Afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er sú að enda þótt kvartandi kunni að hafa á réttu að standa um að samkeppni sé milli viðarofna og allra eða að minnsta kosti sumra tegunda tæknibúnaðar sem styrkjareglurnar taka til, sé ekki annað að sjá en að viðarofnar fullnægi ekki þeim kröfum sem gerðar eru vegna styrkveitinga samkvæmt reglunum. Í þessu tilliti telur stofnunin ekki ástæðu til að gera athugasemd við þau hlutlægu viðmið sem reglurnar byggjast á eða mat stjórnvalda í Noregi á því hvaða hitunarbúnaður er best til þess fallinn að vinna að umhverfismarkmiðunum sem reglunum er ætlað að stuðla að. Styrkir til óhefðbundinnar húsahitunar eru veittir að uppfylltum þremur hlutlægum viðmiðum um styrkhæfi (þ.e. að markaðsútbreiðsla sé lítil, búnaðurinn geti komið í stað raforku sem aðalorkugjafi við húsahitun og lítillar vinnu sé þörf af hálfu notanda) og svo virðist sem þessum viðmiðum sé ekki öllum fullnægt þegar um viðarofna er að ræða. Eftirlitsstofnun EFTA fellst jafnframt á það sjónarmið að viðarofnar séu þegar útbreiddur tæknibúnaður í Noregi. Stofnunin lítur því svo á að viðmiðin, sem ráða styrkhæfi samkvæmt styrkjareglunum, byggist á hlutlægum forsendum og að með reglunum sé ekki brotið gegn öðrum ákvæðum EES-samningsins, svo sem þeim að ekki megi viðhafa mismun á grundvelli þjóðernis eða að gæta skuli jafnræðis. Þá lítur stofnunin svo á að stjórnvöld í Noregi hafi dregið enn frekar úr óæskilegum samkeppnisáhrifum reglnanna með því að kveða á um tiltölulega lágt aðstoðarhlutfall. Það er því skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að það væri ekki í andstöðu við sameiginlega hagsmuni þótt vart yrði samkeppnisröskunar sem bitnaði á viðarofnum og öðrum búnaði sem hugsanlega mætti selja í samkeppni við styrkhæfan búnað, og að slík röskun sé réttlætunleg með vísan til þess mats á jákvæðum og neikvæðum þáttum sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

